

Erindi til Stjórnlagaráðs

Seðlabanki Íslands

Við lýsum ánægju með að rætt hefur verið í Stjórnlagaráði um að svara kalli Þjóðfundar að: „Hlutverk seðlabanka komi fram í stjórnarskrá.“ Við hjá IFRI.is, félag um fjármálaúrbætur, vonum að þessar tillögur komi ykkur að gagni við það mikilvæga verk.

1. gr. Hlutverk Seðlabanka Íslands.

Tillaga IFRI	Lög um Seðlabanka Íslands	ESB sáttmálinn
<p>Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.</p> <p>Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Seðlabankinn skal ekki yfirtaka eða deila áhættu með einkaaðilum.</p> <p>Seðlabanki Íslands skal móta og innleiða peningastefnu ríkisins. Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi.</p> <p>Seðlar og mynt sem Seðlabankinn gefur út skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.</p> <p>Ekki skal skerða rétt fólks til að nota sem gjaldmiðil hvað það sem löglega gengur manna á milli.</p>	<p>I. kafli. Staða, markmið og verkefni.</p> <p>■ 1. gr. Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Um stjórn hans fer samkvæmt lögum þessum.</p> <p>□ Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans.</p> <p>■ 3. gr. Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi. Með samþykki [ráðherra]¹⁾ er Seðlabankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu.</p> <p>□ Seðlabankinn skal stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu skv. 1. mgr.</p> <p>II. kafli. Útgáfa seðla og myntar.</p> <p>■ 5. gr. Seðlabanki Íslands hefur einkarétt til þess að gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út mynt eða annan gjaldmiðil sem geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.</p> <p>□ Seðlar og mynt sem Seðlabankinn gefur út skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.</p>	<p>PART SIX. TITLE I. CHAPTER 1. SECTION 6. THE EUROPEAN CENTRAL BANK. Article 282.</p> <p>1. The European Central Bank, together with the national central banks, shall constitute the European System of Central Banks (ESCB). The European Central Bank, together with the national central banks of the Member States whose currency is the euro, which constitute the Eurosystem, shall conduct the monetary policy of the Union.</p> <p>2. The ESCB shall be governed by the decision-making bodies of the European Central Bank. The primary objective of the ESCB shall be to maintain price stability. Without prejudice to that objective, it shall support the general economic policies in the Union in order to contribute to the achievement of the latter's objectives.</p>

„Seðlabankinn skal ekki yfirtaka eða deila áhættu með einkaaðilum.“

Í brotaforða (fractional reserve) bankastarfsemi, sem tekur við óbundnum innstæðum en lánar út í bundið tímabil, felst ákveðin áhætta. Því minna brot af innistæðum sem bankinn heldur eftir sem forða til að greiða út óbundnar innistæður, því áhættusamari er starfsemin. Til langs tíma hefur þótt eðlilegt að Seðlabankar tryggji með lánnum áframhaldandi starfsemi banka sem ekki geta greitt út óbundnar innistæður. Eins og kom fram í fréttum í dag var beinn kostnaður ríkisins vegna bankahrunsins 20% af landsframleiðslu að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD. Rúmur helmingur þess kostnaðar var vegna lána Seðlabankans til viðskiptabankanna gegn vafasömum veðum. Að ríkið og skattgreiðendur séu tryggingafélag fyrir einkarekstur þykir ekki lengur eðlilegt. Þjóðin hafnaði því að ríkissjóður skyldi tryggja innistæður Innistæðutryggingasjóðs, sem er einkarekinn tryggingasjóður einkabanka. Skilaboðin frá þjóðinni eru skýr. Þeir bankar sem áfram vilja stunda áhættusama bankastarfsemi eiga sjálfir að bera ábyrgð á eigin tryggingum.

„Ekki skal skerða rétt fólks til að nota sem gjaldmiðil hvað það sem löglega gengur manna á milli.“

Lögeyrir er sá gjaldmiðil sem Ríkissjóður innheimtir skatta og opinber gjöld í. Tillagan mælir fyrir því að Seðlabankinn gefi út og tryggji verðstöðuleika lögeyrinsins. Að hafa lögeyrir stangast hins vegar ekki á við notkun fólks á fleiri gjaldmiðlum í viðskiptum sín á milli, þvert á móti. Bernard Lietaer sem var í Silfri Egils síðasta haust, fyrrum starfmaður Seðlabanka Belgíu og einn af hönnuðum innleiðingarferlis Evrunnar, mælir með því í nýútkominni bók sinni, *Creating Wealth: Growing Local Economies with Local Currencies*, að fólk noti fjölbreytt úrval gjaldmiðla. Helstu rökin eru þau að með fjölbreyttri gjaldmiðlanotkun eykst stöðuleiki greiðslukerfis landa til muna. Allt greiðslukerfið hvílir þá ekki aðeins á lögeyrinum. Ein rökin í hruninu fyrir því að bjarga einkabönkunum eða endurreisa þá með almannafé voru til að tryggja greiðslukerfi landsins. Hreinn kostnaður ríkisins við endurfjármögnun bankakerfisins nam 3,8% af landsframleiðslu að mati OECD.

Heimildir.

Lög um Seðlabanka Íslands. 2001 nr. 36 22. maí.
<http://www.althingi.is/lagas/139a/2001036.html>

Sáttmáli ESB: Consolidated versions of the Treaty on European Union and the Treaty on the functioning of the European Union. Brussels, 15 April 2008.
<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/08/st06/st06655.en08.pdf>

Frétt um Skýrslu OECD á Eyjan.is.
<http://eyjan.is/2011/06/23/tap-vegna-astarbrefakaupa-sedlabankans-nam-11-af-landsframleidslu/>

Skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar um Ísland 2011: Economic Survey of Iceland 2011.
http://www.oecd.org/document/16/0,3746,en_33873108_33873476_43946384_1_1_1_1,00.html